

Sveitarfélagið Ölfus
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík 7. desember 2018
UST201811-175/A.B.
10.04.02

Efni: Breyting – Aðalskipulag Ölfus - Þorlákshöfn - hafnarsvæði

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélagsins Ölfus er barst 15. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á tillögu að aðalskipulagsbreytingu á hafnarsvæði sveitarfélagsins.


Í greinargerð kemur fram að breytingin tekur til hafnarsvæðisins austan Þorlákshafnarveggar og Óseyrarbrautar og suður undir Skarfaskersbryggju og er breytingin er gerð vegna breyttra forsendna og þróunar á hafnarsvæðinu.

Einnig kemur fram að skipulagssvæðið er um 95 ha að stærð og helsta breytingin á gildandi aðalskipulagi er breyting á vegakerfi og stofnstígum um hafnarsvæði Þorlákshafnar, auk þess mun landnotkun á svæðinu breytast lítilsháttar.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemd við hana.


Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur